

Brot kærða á verðlagsákvæðum eru smávægileg í þeim skilningi, að ólöglegur ágóði er óverulegur, en aftur á móti hefur kærði tvívegis áður gerzt sekur um brot á verðlagsákvæðum.

Refsing sú, sem kærði hefur til unnið samkvæmt framanrituðu, þykir með tilvisun til 9. gr. laga nr. 3 frá 13. febrúar 1943 hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Erlendur Björnsson héraðsdómslögmaður krefst þess, að málsvarnarlaun hans verði greidd af almannafé. Samkvæmt framanrituðu verður sú krafa hans ekki tekin til greina, og þar eð kærði hefur sjálfur ráðið héraðsdómslögmanninn til þess að fara með mál þetta, telur rétturinn ákvörðun málsvarnarlauna sér eftir atvikum óviðkomandi.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jón E. Waage, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar.

Framangreind meiðandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. marz 1947.

Nr. 126/1946. Bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

H/f Sæfinni (Hrl. Theódór B. Líndal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með

stefnu 14. september f. á. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem í málinu greinir. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hafði með kæru 1. júlí f. á. skotið til hæstaréttar málskostnaðarákvæði fógetaúrskurðarins, en kærumálinu var frestað með úrskurði hæstaréttar 27. september s. á., og er það nú sameinað máli þessu. Krefst stefndi þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem upp er komið í hæstarétti, eru mála-vextir þessir:

Hlutfélagið Sæfinnur var stofnað árið 1942. Var félagið skrásett í Neskaupstað, og þaðan gerði félagið út skip sitt, v/s Sæfinn, næsta ár. Hlutfé félagsins var 75000 krónur. Þar af áttu Gísli Kristjánsson, útgerðarmaður í Neskaupstað, og eiginkona hans samtals 72000 krónur, en þrír nafngreindir menn í Neskaupstað samtals 3000 krónur, og voru þeir kjörnir stjórnarmenn félagsins. Voru tveir stjórnarmanna þessara venzlamenn þeirra hjóna. Í desember 1943 var sú ákvörðun tekin, að heimilisfang hlutfélagsins skyldi flutt til Mjóafjarðar, og var hlutfélagið skrásett þar í janúar 1944. Keyptu þá þrír venzlamenn Gísla Kristjánssonar, sem búsettir voru í Mjóafirði, hver 1000 króna hlut af stjórnarmönnum þeim, sem áður er getið. Voru nú þessir nýju hluthafar í Mjóafirði kjörnir stjórnarmenn hlutfélagsins, en eigi hafði það neina skrifstofu í Mjóafirði. Hinn 5. marz 1944 veitti hin nýja stjórn hlutfélagsins Gísla Kristjánssyni fullt og ótakmarkað umboð til að koma fram fyrir hönd félagsins hvarvetna. Þá er þess og að geta, að um áramótin 1945 og 1946 fluttist Gísli Kristjánsson búferlum ásamt fjölskyldu sinni til Akureyrar. Jafnframt var heimilisfang h/f Sæfinns og flutt þangað, og Gísli Kristjánsson, kona hans og dóttir, sem keypt hafði hluta eins stjórnarmanns félagsins í Mjóafirði, kjörin í stjórn þess.

Af því, sem nú var rakið, sést, að Gísli Kristjánsson og eiginkona hans áttu nær allt hlutafé félagsins og að flestir hinna hluthafanna voru venzlamenn þeirra. Af framan- greindu má og ráða, að Gísli Kristjánsson og kona hans höfðu í hendi sér, hverjir skipuðu stjórn félagsins á hverjum tíma, og höfðu þau því í reyndinni öll ráð hlutafélagsins og fyrirvar. Verður þess vegna að telja, að raunverulegt heimilisfang félagsins hafi verið í Neskaupstað, þar sem Gísli Kristjánsson og kona hans voru búsett, á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Var hlutafélagið því útsvarsskylt í Neskaupstað árið 1945. Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma lög- takið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði prófessors Ólafs Lárussonar.

Það, að maður sá, sem stjórnaði framkvæmdum hins stefnda hlutafélags, og kona hans, en þau áttu allan þorra hlutabréfanna, áttu lögheimili í Neskaupstað, veitir eigi heimild til, að útsvar væri lagt þar á hlutafélagið, sem þá hafði verið skrásett í öðru sveitarfélagi, enda er því ómót- mælt haldið fram í málinu, að starfsemi félagsins hafi eigi farið fram frá Neskaupstað og að framkvæmdarstjóri þess hafi að mestu leyti rækt störf sín í þágu þess á öðrum stöð- um.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar og tel rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í hæstarétti með 1000 kr.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. bæjar-sjóðs, greiði stefnda, h/f Sæfinni, kr. 1000.00 í máls-kostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Akureyrar 24. júní 1946.

Undir gerð þessari, málið var tekið 11. þ. m. til úrskurðar, krafðist gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Neskaupstaðar, í byrjun, að lögtak yrði gert hjá gerðarþola, h/f „Sæfinni“, fyrir útsvarinu, lögðu á hlutafélagið í Neskaupstað 1944 og 1945, en síðan undir gerðinni afturkallaði gerðarbeiðandi lögtakskröfuna um útsvarið 1944, og er því nú aðeins deilt um útsvarið 1945, kr. 20800.00, ásamt áföllnum dráttarvöxtum, kr. 1040.00, og dráttarvöxtum til greiðslu-dags.

Það er upplýst í málinu, að hlutafélagið Sæfinnur hafði ekki með höndum aðrar framkvæmdir en að gera út m/s „Sæfinn“ S. U. 76, 102 tonn brúttó.

Upprunalega var útsvar hlutafélagsins fyrir árið 1945 kr. 45000.00, en var fært niður í kr. 20800.00 af ríkisskattanevnd. Hafði hlutafélagið krafizt þess af niðurrjöfnunarnefnd, að útsvarið yrði fellt niður, þar sem félagið ætti lögheimili á Mjóafirði, en skip þess „Sæfinnur“ engan atvinnurekstur stundað í bænum útsvarsárið.

Hlutafélagið Sæfinnur er stofnað 1942 með heimili og varnarþingi í Neskaupstað, en flutt að Sandi í Mjóafirði í lok ársins 1943, sbr. rjskj. nr. 13 og 14, og samkvæmt tilkynningu til hluta-félagaskrár sýslunnar, dags. 24. apríl 1944, rjskj. nr. 15, hafði að-alfundur félagsins hinn 5. marz 1944 kosið þau Jón Ingvar Jóns-son, Hjálmar Kristjánsson og Sveinbjörgu Kristjánsdóttur í stjórn félagsins, öll til heimilis í Brekkuborpi í Mjóafirði. Þessi stjórn réði á fundi sínum 5. marz 1944 Gísli Kristjánsson fyrir afgreiðslu-mann mótorbátsins Sæfinns og veitti honum ótakmarkað umboð til þess að koma fram f. h. félagsins á þeim stöðum, er skipið kynni að koma á, enda tekur Gísli Kristjánsson fram, að hann hafi lítið dvalið í Neskaupstað árið 1944, meðan skipið var í rekstri, því hann hafi fylgt því að mestu leyti eftir, og hefur þessu ekki verið mótmælt. En upplýst er, að skipið var mestan hluta ársins 1944 fram í miðjan september, að því var lagt í lægi á Akureyri, í fisk-flutningum milli Vestmannaeyja og Stóra-Bretlands og á síldveið-um við Norðurland. Skal í þessu sambandi tekið fram, að af hálfu gerðarþola er haldið fram, að skipið í byrjun ársins hafi verið til

viðgerðar í Neskaupstað, og er þetta í samræmi við yottorð bæjarfógeta Neskaupstaðar, rískj. nr. 23, um að skipið hafi fyrstu 23 daga ársins legið í Neskaupstað. Þá er þess getið í sama skeyti, að skipið hafi komið þrisvar á höfnina árið 1944. Nokkur ágreiningur hefur orðið á milli málsaðilja um það, hve oft skipið hafi þetta ár komið til Neskaupstaðar. En þar sem það er viðurkennt af niðurjöfnunarnefnd Neskaupstaðar, rískj. nr. 2, að skipið hafi ekki beinlínis stundað veiðar frá Neskaupstað, þykir ekki ástæða til þess að fara frekar út í þenna ágreining um komur skipsins til kaupstaðarins, er þykja ekki geta ráðið neinum úrslitum í málinu.

Um bókhald hlutafélagsins hefur Gísli Kristjánsson, framkvæmdarstjóri þess, gefið þær upplýsingar, að kaupmaður á Siglufirði hafi annazt allt bókhald snertandi skipið um sildveiðitímann, en í Vestmannaeyjum Ísfisksamlagið og skipstjóri, og tók samlagið fyrir ómak sitt um kr. 6000.00.

Síðustu hönd á bókhaldið lagði Jón L. Baldursson í Neskaupstað, en bækur félagsins telur Gísli að hafi verið í vörzlum stjórnarinnar á Mjóafirði, nema þann tíma, er endurskoðandi hafði þær undir höndum.

Eftir að þannig hefur verið skýrt frá gangi málsins, skal nánar vikið að málflutningi aðilja.

Af hálfu gerðarþola er því mótmælt, að lögtakið nái fram að ganga fyrir þá sök, að hlutafélagið hafi ekki verið búsett í Neskaupstað árið 1944, heldur í Mjóafirði, þar sem á það var lagt árið 1945 útsvar, að upphæð kr. 16153.00.

Eins og tekið hefur verið fram að framan, er hlutafélagið flutt til Mjóafjarðar í árslok 1943, en gerðarbeiðandi heldur fram, að flutningurinn hafi aðeins verið til málamynda til þess að losna við útsvarsgreiðslu í Neskaupstað, og þessari staðhæfingu til stuðnings virðist gerðarbeiðandi aðallega draga þetta fram, að eigendur mests hlutafjárins séu búsettir í Neskaupstað, að framkvæmdarstóri félagsins, Gísli Kristjánsson, sé búsettur þar og að reikningshald félagsins hafi verið gert upp í árslok 1944 í Neskaupstað.

Af þessu dregur gerðarbeiðandi þá ályktun, að félagið hafi árið 1944 haft heimilisfastan atvinnurekstur í Neskaupstað. Engar sannanir liggja fyrir um það, að útgerð skipsins „Sæfinns“ hafi haft skrifstofu í Neskaupstað árið 1944, en þó hefur verið gengið frá reikningi útgerðarinnar þar þetta ár. Að því er að öðru leyti snertir reikningshald útgerðarinnar þetta ár, verður að leggja til grundvallar skýrslu framkvæmdarstjórans, Gísla Kristjánssonar, eins og henni er lýst hér að framan, þar sem henni ekki sérstaklega hefur verið mótmælt, en hún er á þá leið, að hann hafi litið dvalið í Neskaupstað árið 1944, meðan skipið var við rekstur, því hann hafi fylgt því að mestu leyti eftir. Og ómótmælt er því haldið fram, að í Vestmannaeyjum hafi verið greitt kr. 6000.00 fyrir reiknings-

haldið og að kaupmaður á Siglufirði hafi annazt reikningshaldið á Siglufirði.

Heimilisfesta gerðarþola í Neskaupstað verður því tæplega byggð á því, hvernig reikningsfærslu útgerðarinnar var hagað, þar sem hún virðist aðallega hafa farið fram utan Neskaupstaðar, og enda þótt framkvæmdarstjóri hafi verið búsettur í kaupstaðnum, virðast störf hans í sambandi við útgerð skipsins að mestu eða öllu hafa farið fram annars staðar. Þegar þess er nú gætt, að útgerð skipsins hafðist ekkert það að í Neskaupstað, er snertir veiðar skipsins, lítur rétturinn svo á, sem h/f Sæfinnur hafi ekki rekið heimilisfastan atvinnurekstur árið 1944 í kaupstaðnum, enda þótt hlutir félagsins hafi að meiru eða minna leyti verið á höndum búsettra manna þar.

Samkvæmt þessu fer hið umbeðna lögtak ekki fram.

Málskostnaður, en hans hefur verið krafizt af báðum aðiljum, fellur niður.

Rétt þykir að taka fram, að umboðsmaður gerðarþola hélt því fram undir rekstri málsins, að kveða þyrfti upp úrskurð um heimilisfang gerðarþola, sbr. lög nr. 95/1936, en þar sem hlutaðeigandi bæjarstjórn fór ekki þá leið, er ræðir um í 6. gr. nefndra laga, virðist hún hafa ætlað til þess, að fógetarétturinn úrskurði um þetta, sem hann og hefur vald til.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 28. marz 1948.

Nr. 15/1947. **Stefán Stefánsson** (Hrl. Theódór B. Lindal)
gegn

Þorleifi Sigurbjörnssyni

(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébóta krafizt vegna tjóns af völdum bifreiðar.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.